

Fundargerð Háskólaráðs 5. apríl 2016

Guðmundarstofa, kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Auður H Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema og Soffía Þorleifsdóttir varafultrúi meistaranema.

Fjarverandi: Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Gauti Skúlason fulltrúi grunnnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnnema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnnema, og Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema.

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 3. mars 2016

Samþykkt.

2. Öflun nýrra nemenda, umsóknir, innritanir

Rektor kynnir fjölda nýrra umsókna miðað við 5. apríl. Færri umsóknir komnar nú en á sama tíma og í fyrra. Sjónvarpsauglýsingar fara í loftið um helgina.

3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnir að ársreikningur 2015 hafi verið lagður fram og afgreiddur á stjórnarfundum í gær. Enn er verið að ganga frá gömlum málum. Rektor bendir á að í raun hafi verið bati í rekstrinum á milli árunna 2014 og 2015. Vonast eftir að tekjur af skólagjöldum haldi áfram að hækka, en minnir einnig á að launahækkningar koma inn í júlí. Eigum að vera komin með réttan efnahagsreikning og reksturinn á að vera í betri stöðu en áður var.

4. Gæðamál

Gæðastjóri kynnir að vinnu síðasta starfshópsins sem settur var á laggirnar í kjölfar gæðaúttektarinnar sé nú lokið, sú vinna verði kynnt hér á eftir. Tekist hefur gott samstarf við gæðaráð íslenskra háskóla. Gæðaráðið mun funda hér seint í maí. Ekki ljóst hvenær næsta úttekt á skólanum verður.

5. Skýrsla vinnuhóps um stjórnskipulag skólans

Rektor fer yfir helstu tillögur vinnuhóps um stjórnskipulag skólans dags. 22. mars 2016.

Tillagan var rædd í stjórn skólans í gær og féllst stjórnin á grunnhugmynd breytinganna fyrir sitt leyti.

Rektor fer yfir tillögu sína sem hann sendi til fulltrúa fyrir fundinn. Þrjú meginsvið innan



skólans þ.e. fagsviðin þrjú sem fari þvert á þrjú stoðsvið. Fagsviðin þrjú (verði deildir samkvæmt tillögu starfshópsins) verði fjárhagslega sjálfstæðari en nú er. Rektor mun boða til fundar í næstu viku þar sem rætt verður um breytingarnar í þeim anda sem lagt er til. Rektor mun senda fundarboð ásamt gögnum til fulltrúa. Reglugerðarbreyting verður væntanlega á dagskrá á stjórnarfundum í byrjun maí, en lagt er til að gildistaka á nýju skipulagi verði 1. ágúst nk.

6. Tilnefningar í háskólaráð og fulltrúaráð

Frestað.

7. Siðareglur

Tillaga að nýjum siðareglum var send til fulltrúa, hún verður til afgreiðslu á næsta fundi. Athugasemdir og ábendingar má senda til Unnars sem kom að gerð tillögunnar.

8. Hugarflugsfundur 14. mars sl.

Ánægja með daginn, mál frá þessum degi munu skila sér í stefnumótunarvinnu skólans.

9. Viðræður við LBHÍ og HH

Rektor sendi bréf til Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum nýlega varðandi skoðun á mögulegu samstarfi skólanna þriggja. Bæði LBHÍ og HH svöruðu jákvætt, fundað verður með þeim í næstu viku.

10. Lögreglunámið

Niðurstaða liggur ekki fyrir. Málið er að komast í eindaga ef ætlunin er að námið hefjist í haust. Rektor hefur reynt að fylgja þessu eftir eins og hægt er.

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.00

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, kennslustjóri